



Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025

Fréttatilkynning 23. október 2025



Fréttatilkynning 23. október 2025

Uppgjör Landsbankans fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2025

- Hagnaður Landsbankans á fyrstu níu mánuðum ársins 2025 nam 29,5 milljörðum króna eftir skatta, þar af 11,1 milljarði króna á þriðja ársfjórðungi.
- Arðsemi eiginfjár var 12,2% samanborið við 11,7% á sama tímabili árið áður.
- Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 2,9%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 49,4 milljarðar króna og hreinar þjónustutekjur voru 9,2 milljarðar króna.
- Afkoma TM á tímabilinu 28. febrúar til 30. september 2025 af váttryggingarsamningum var 1,5 milljarðar króna, þar af 528 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi. Samsett hlutfall TM er 92,3% á fyrstu níu mánuðum ársins 2025.
- Kostnaðarhlutfall var 33,2%, samanborið við 32,3% á sama tímabili árið 2024.
- Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 24,0% en fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands gerir heildarkröfu um 20,4% eiginfjárgrunn.
- Landsbankinn innti síðari hluta arðgreiðslu ársins til hluthafa af hendi þann 17. september sl. en gjalddagi fyrri greiðslunnar var 26. mars sl. Samtals námu arðgreiðslur ársins 18.891 milljón króna.
- Ungu fólki (18-24 ára) sem átti viðskipti með sjóði Landsbréfa fjölgaði um 45% miðað við sama tímabil í fyrra. Ungu fólki sem ávaxtar viðbótarlífeyrissparnað sinn hjá bankanum fjölgaði um 31%.
- Í lok júlí tók Landsbankinn tilboði Landsbyggðar ehf. í Landsbankahúsið við Austurstræti 11 og Hafnarstræti 10, 12 og 14. Söluverð húsanna var 2,85 milljarðar króna

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, segir:

„Afkoman á fyrstu níu mánuðum ársins er góð og byggir á árangri allra sviða bankans. Afkoman af tryggingum var sömuleiðis góð og vel hefur gengið að samstillta starfsemi TM og Landsbankans þannig að styrkleikar beggja félaga nýtist sem best. Þá er sérlega ánægjulegt að ungt fólk velur í auknum mæli að fjárfesta til framtíðar hjá Landsbankanum. Kostnaðarhlutfall á fyrstu níu mánuðum ársins var 33% og hefur sjaldan verið lægra. Í kjölfar dóms Hæstaréttar höfum við gjaldfært varúðarfærslu upp á 2,4 milljarða vegna þess hluta lánasafns bankans sem varðar fasteignalán til neytenda.

Útlánavöxtur var hóflegur og var allur hjá fyrirtækjum. Við gerum ekki ráð fyrir miklum útlánavexti á næstunni og við finnum fyrir hægari umsvifum hjá fyrirtækjum, líkt og fjallað er um í nýrri hagspá Greiningardeildar Landsbankans sem kom út í gær. Þá varð samdráttur í íbúðalánum sem skýrist af því að fleiri velja verðtryggð lán hjá lífeyrissjóðum. Við munum leggja okkur fram við að bjóða samkeppnis-hæf íbúðalán, hvort sem er fyrir fyrstu kaupendur eða aðra. Í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Íslands-banka erum við nú að fara fara yfir skilmála um breytilega vexti á nýjum íbúðalánum og er sú vinna á lokametrunum. Landsbankinn er stærsti lánveitandinn á íbúðalánamarkaði og við höfum lagt áherslu á að vinna þetta mál hratt og vel enda mikilvægt að draga úr óvissu eins og kostur er við þessar aðstæður.

Töluverð tímamót urðu í sögu bankans í júlí þegar Landsbankinn seldi Austurstræti 11 og þrjú sam-tengd hús í Hafnarstræti. Á undanförunum árum höfum við fækkað fermetrum í rekstri bankans um 40%. Við leggjum áfram áherslu á traustan rekstur, stöðuga framför og við setjum okkur í spor viðskiptavina sem skilar ánægðum viðskiptavinum og langtíma viðskiptasamböndum. Það er kjarninn í því hvernig við hugsum um rekstur bankans.“

Helstu atriði úr rekstri og efnahag á þriðja ársfjórðungi (3F) 2025

Rekstur:

- Hagnaður á 3F 2025 nam 11,1 milljarði króna eftir skatta, samanborið við 10,8 milljarða króna hagnað á sama tímabili árið 2024.
- Arðsemi eiginfjár var 13,5% á 3F 2025, samanborið við 14,0% á sama tímabili 2024.
- Hreinar vaxtatekjur voru 16,9 milljarðar króna en þær námu 15,0 milljörðum króna á sama tímabili 2024.
- Hreinar þjónustutekjur námu 3,0 milljörðum króna en voru 2,7 milljarðar króna á 3F 2024.
- Virðisrýrnun útlána og krafna nam 3,0 milljörðum króna á 3F 2025, þar af er 2,4 milljarða króna varúðarfærsla vegna óvissu um niðurstöðu dómsmála. Vanskil eru enn lág.
- Afkoma TM af váttryggingarsamningum var 528 milljónir króna á 3F 2025. Samsett hlutfall TM á tímabilinu var 90,6%.

Efnahagur:

- Útlán jukust um 2,7% frá áramótum, eða um 49,5 milljarða króna. Útlán til einstaklinga drógust saman um 0,3 milljarða króna. Útlán til fyrirtækja jukust um 49,9 milljarða króna en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 11,6 milljörðum króna er heildaraukningin 61,1 milljarður króna.
- Innlán jukust um 1,9% frá áramótum, eða um 23,1 milljarð króna. Innstæður á sparireikningum í appi hafa aukist um 18% frá ármótum.
- Bankinn fylgist náið með og stýrir lausafjárahættu sinni í heild, í erlendum myntum og í íslenskum krónum. Lausafjárhlutfall bankans var 229% í lok 3F 2025, samanborið við 164% í lok árs 2024.

Lykiltölur samstæðunnar

REKSTUR	9M 2025	9M 2024	Breyting	Breyting%	3F 2024	3F 2023	Breyting	Breyting%
Fjárhæðir í milljónum króna								
Hagnaður tímabilsins	29.455	26.908	2.547	9,5%	11.133	10.787	346	3,2%
Hreinar vaxtatekjur	49.369	44.090	5.279	12,0%	16.907	14.955	1.952	13,1%
Hreinar þjónustutekjur	9.184	8.068	1.116	13,8%	2.979	2.690	289	10,7%
Afkoma af váttryggingasamningum	1.747		1.747		708		708	
Aðrar rekstrartekjur	3.520	6.445	(2.925)	(45,4%)	1.392	3.571	(2.179)	(61,0%)
Rekstrartekjur	63.820	58.603	5.217	8,9%	21.986	21.216	770	3,6%
Laun og launatengd gjöld	(13.034)	(12.005)	(1.029)	8,6%	(3.869)	(3.582)	(287)	8,0%
Annar rekstrarkostnaður	(8.370)	(7.569)	(801)	10,6%	(2.533)	(2.492)	(41)	1,6%
Rekstrargjöld	(23.432)	(21.529)	(1.903)	8,8%	(7.060)	(6.793)	(267)	3,9%
EFNAHAGUR	30.9.2025	31.12.2024	Breyting	Breyting%				
Heildareignir	2.297.601	2.181.759	115.842	5,3%				
Útlán til viðskiptavina	1.856.955	1.807.437	49.518	2,7%				
Innlán frá viðskiptavinum	1.251.582	1.228.444	23.138	1,9%				
Eigið fé	335.213	324.649	10.564	3,3%				
KENNITÖLUR	9M 2025	9M 2024	3F 2025	3F 2024				
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	12,2%	11,7%	13,5%	14,0%				
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu eigna	2,9%	2,9%	2,9%	2,8%				
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna	1,3%	1,3%	1,1%	1,1%				
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)*	33,2%	32,3%	28,5%	30,7%				
	30.9.2025	30.6.2025	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2022			
Eiginfjárlutfall alls	24,0%	24,0%	24,30%	23,60%	24,7%			
Samtals MREL fjármögnun	39,2%	38,3%	38,20%	37,90%	40,4%			
Samtals undirskipuð MREL fjármögnun	26,7%	26,5%	25,50%	23,60%				
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	173%	168%	143%	145%	132%			
Heildarlausafjárþekja	229%	234%	164%	181%	134%			
Lausafjárþekja erlendra mynta EUR (LCR FX til og með 2022)	1236%	661%	951%	1.499%	351%			
Vandræðalán	0,9%	0,8%	1,1%	1,0%	1,0%			
Meðalstöðugildi	911	925	811	849	843			
Stöðugildi í lok tímabils	948	927	822	817	813			

*K/T = Rekstrargjöld alls/(Hreinar rekstrartekjur – virðisbreytingar útlána).

Fjárhagsdagatal Landsbankans

- Ársuppgjör 2025 29. janúar 2026
- Aðalfundur 18. mars 2026
- 1F 2026 30. apríl 2026
- 2F 2026 23. júlí 2026
- 3F 2026 22. október 2026
- Ársuppgjör 2026 28. janúar 2027